

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

124. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn mánudaginn 12. desember 2022. Fundurinn sem var fjarfundur í Teams hófst kl. 13:00.

Á fundinum voru fh. FL, Haraldur F. Gíslason og . Fh. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár.

1. Verkefni samningsaðila á samningstíma skv. bókunum og fylgiskjölum

Í kjarasamningi FL og SNS er kveðið á um vinnu samningsaðila á samningstímanum.

Stýrihópur hefur verið að störfum síðan í ágúst í samræmi við fylgiskjal um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum. Hlutverk stýrihópsins hefur verið að leggja mat á hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2020 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Stýrihópurinn hefur fundað með þeim 15 sveitarfélögum sem mældust yfir landsmeðaltali ársins 2020 af hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks. Í framhaldinu er unnið með sveitarfélögunum og komið á framfæri ábendingum að lausnum um hvernig hægt er að ná markmiðum fylgiskjalsins. Stýrihópurinn hefur kallað eftir því að sveitarfélög skili tímasettri áætlun um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð fyrir lok samningstímans. Þá liggur fyrir að stýrihópurinn skoði með sama hætti þau sveitarfélög/leikskóla sem nú eru í lágmarksstyttingu eða 13 mínútur á dag. Fyrir lok ársins 2022 liggur svo fyrir mat á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2021 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Hópurinn ákveður í framhaldinu út frá því mati og samanburði við sambærilegt mat ársins 2020 hvaða sveitarfélögum verði veitt ráðgjöf um hvernig hægt er að ná markmiðum þessa fylgiskjals um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum fyrir lok samningstímans.

a. Fylgiskjal um betri vinnutíma í leikskólum - Starfsumhverfi leikskóla

Skv. fylgiskjali aðila um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum eru samningsaðilar sammála um að á samningstímanum fari fram markviss vinna samningsaðila við það að skoða hvort taka eigi upp frekari skilgreiningu á því hvað tilheyrir formlegu skólastarfi annars vegar og hins vegar hvað tilheyrir tólmstunda/frístundastarfi á leikskólastiginu. Eins verði tekið upp samtal um skilgreiningu á skólaári og almennt þeim atriðum er líta að starfsumhverfi leikskólastigsins s.s. hvort eðlilegt sé að gæta samræmis við starfsumhverfi annarra skólastiga. Markmiðið er að jafna og viðhalda jöfnu flæði kennara á milli skólastiga.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að áður en lengra er haldið í þessari vinnu sé stýrihópnum falið að fylgjast með tilraunaverkefni sem fram fer á vegum Hafnarfjarðarbæjar frá og með 1. desember 2022. Verkefni sveitarfélagsins felur í sér frekari skilgreiningu en áður hefur tíðkast um hvað tilheyrir formlegu skólastarfi og hvað tilheyrir tómstunda/frístundastarfi á leikskólastiginu. Þá hefur Hafnarfjarðarbær jafnframt tekið upp skilgreiningu á skólaári í leikskólum og er við skipulag starfsumhverfis leikskólakennara að einhverju leyti horft til starfsumhverfis kennara í grunnskólum sveitarfélagsins.

Jafnframt mun stýrihópurinn rýna útfrá fyrirbyggjandi gögnum það skipulag sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið upp og meta reynsluna af því.

b. Starfslýsingar deildar- og sérkennslustjóra.

Í fundargerð 122. fundar samstarfsnefndar urðu samningsaðilar sammála um að skipa starfshóp sem skilgreinir núverandi starf, verkefni og ábyrgðarsvið deildarstjóra og sérkennslustjóra í leikskólum og skal starfshópurinn skal vinna tillögur að uppfærðum starfslýsingum sem endurspeglar þá ábyrgð sem felst í núgildandi störfum deildarstjóra og sérkennslustjóra. Meðal annars skal horfa til starfslýsinga í gildandi kjarasamningi þar sem tilgreind er stjórnunarábyrgð þeirra sem millistjórnendur í leikskólum.

Niðurstaða:

Starfshópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Starfshópurinn skal skila frá sér tillögum að breyttum starfslýsingum deildarstjóra og sérkennslustjóra til samningsaðila fyrir 1. mars 2023.

b. BÓKUN 1 [2022] Leiðsagnarkennarar

Með bókun 1 eru samningsaðilar sammála um að á samningstímanum verði lögð fyrir könnun til hagsmunaaðila þar sem upplýsinga verði aflað um þá reynslu og framkvæmd sem fengist hefur af notkun skóla á starfsheitinu Leiðsagnarkennari.

Niðurstaða:

Í kjarasamningi FG er finna sömu bókun og hjá FL um að afla upplýsinga um reynslu og framkvæmd af starfi leiðsagnarkennara. Aðilar eru sammála um að óska eftir óformlegum fundi með formanni Félags grunnskólakennara og ræða möguleika á samstarfi FL, FG og SNS við framlagningu könnunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14:00.